

FÉLA3BÞ05

Áttaviti í óreiðu upplýsinga, borgaraleg þátttaka

Einingafjöldi: 5

Þrep: 3

Lýsing

Áfanginn fjallar um að nýta gagnrýna hugsun til að meta atburði og þróun sem á sér stað í heiminum. Nemendur kynnast ólíkum sjónarmiðum og þurfa að færa rök fyrir eigin skoðunum. Sjónum verður sérstaklega beint að stórum þáttum sem hafa áhrif á samfélagið og skipta máli fyrir líf nemenda, svo sem fordómum, upplýsingaóreiðu, falsfréttum, þróun heimsvelda, alþjóðastofnunum, skautun og skekkjum. Áhersla er lögð á fréttir og fréttatengt efni og að nemendur meti á gagnrýninn hátt eigin skoðanir og annarra. Þá verður gagnrýnin hugsun höfð að leiðarljósi í gegnum allt efnið.

Forkröfur: 10 einingar í félagsgreinum á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að skoðanir séu byggðar á staðreyndum
- að upplýst umræða og skoðanaskipti eru forsenda lýðræðis
- hvaða hugmyndafræði er bakvið þróun heimsins og viðbrögð við stórum atburðum
- tengingu við nær- og fjærumhverfi sitt sem og sjálfan sig

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina á milli hlutlægs og hlutdrægs fréttáflutnings
- meta trúverðugleika upplýsinga
- koma skoðunum sínum á framfæri með traustum rökum
- taka þátt í umræðum við samnemendur af virðingu
- draga ályktanir út frá fyrri þekkingu og ígrunda eigin skoðanir

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- mynda sér skoðanir byggðar á gagnrýninni hugsun
- taka þátt í umræðum byggðum á skoðunum um málefni líðandi stundar
- setja sig í spor annarra
- bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum
- vera virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðissamfélagi

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.